

# Áveitan

10. tbl. 4. árgangur. Október 2010

## Styrkir vegna íþróttaiðkunar

Þann 29. maí skrifuðu ungmennafélögin í Flóahreppi, Baldur Samhygð og Vaka undir samstarfssamning við Flóahrepp. Samningur þessi felur það í sér að auk flatra styrkja sem ungmennafélögin hafa fengið á síðustu árum leggur nú Flóahreppur til ákveðna peningaupphæð í sjóð sem úthlutunarnefnd félaganna sér um að afgreiða. Það er gert eftir ákveðnum úthlutunarreglum sem félögin hafa sett sér. Reglurnar má finna á [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is).

Styrkir sem hægt er að sækja um eru meðal annars: Æfingagjöld hjá öðrum félögum í íþróttagreinum sem rúmast innan ÍSÍ (að undanskildum glímu og frjálsum íþróttum barna að 15 ára aldri). Líka er um að ræða styrki vegna æfinga- og keppnisferða innanlands sem utan.

Félagar í ungmennafélögunum eru hvattir til að sækja um þessa styrki og skal senda styrkumsókn til félaganna í tölvupósti. Netföngin eru: Baldur Gauti;

[ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com), Stefán [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com) og Hallfríður [lyngh@emax.is](mailto:lyngh@emax.is)

Styrkbeiðnir vegna æfingagjalda skulu hafa borist fyrir desember 2010 og verða þær afgreiddar allar á sama tíma en styrkbeiðnir vegna æfinga- eða keppnisferða eru afgreiddar nokkuð jöfnum höndum og skulu umsóknir vegna þeirra hafa borist fyrir janúarlök 2011 vegna ferða á árinu 2010. Með umsókn skal fylgja kvittun fyrir greiðslu á ferð eða æfingargjöldum. Einnig skal styrkbeiðandi hafa greitt árgjald fyrir árið í einu af ungmennafélögunum. Nánari upplýsingar um skilyrði til styrkveitinga eru að finna eins og áður sagði á heimasíðu Flóahrepps á [floahreppur.is/stjornsysla/gjaldskrar-og-samthykkir](http://floahreppur.is/stjornsysla/gjaldskrar-og-samthykkir).

Ungmennafélögin



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Vatnsveituframkvæmdir

Reiknað er með að framkvæmdum við vatnslagnir meðfram Flóavegi verði lokið um miðjan október. Að þeim loknum verður farið beint í framkvæmdir á milli Neistastaða og Ruddakróks. Framkvæmdin er um 1,5 viku á eftir áætlun en gert var ráð fyrir því að framkvæmdinni yrði lokið um mánaðarmótin október-nóvember.

### Reglur um samræmingu smölunar

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt reglur Matvælastofnunar um tilhögun og samræmingu smölunar og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af.

Reglurnar eru settar á grundvelli 6. gr. reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. Með reglunum er skilgreint það fé sem aukin smithætta kann að stafa af og þær ráðstafanir sem gera skal til að draga úr smithættu í göngum og réttum.

Þó fullseint sé að kynna reglurnar nú þá má sjá þær á heimasíðu Flóahrepps, [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) undir stjórnsýsla, gjaldskrár og samþykktir.

### Til eigenda óskráðra hunda í Flóahreppi

Minnt er á skráningu hunda samkvæmt samþykkt um hundahald í Flóahreppi en frestur til þess var gefinn til 31. október n.k. Skráningargjald er 1.500 kr. sem er innheimt í eitt skipti.

Allar frekari upplýsingar fást hjá skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

### Bólusetningar

Bændur í Flóahreppi eru minntir á að láta bólusetja sauðfé sitt.

Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

### Sameiginlegt þjónustuvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða

Aðalsteinn Sveinsson oddviti Flóahrepps skrifaði undir samning um þjónustuvæði Suðurlands um málefni fatlaðra á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) 14. september s.l. fyrir hönd sveitarfélagsins.

Þann 1. janúar 2011 taka sveitarfélögin við þjónustu ríkisins við fatlaða og hafa öll sveitarfélög á Suðurlandi utan Vestmannaeyjar og Hornafjörður skrifað undir það að sameinast um þjónustu við fatlaða á grundvelli samstöðu og samábyrgðar.

Á ársþinginu voru einnig samþykktar fjölmargar ályktanir sem varða hagsmunamál aðildarsveitarfélaganna, s.s. samgöngumál, atvinnumál, skipulagsmál og velferðarmál. Ályktanir má nálgast á heimasíðu SASS, [www.sass.is](http://www.sass.is)

## **Menningarsjóður Þjórsárvers**

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að Menningarsjóður Þjórsárvers verði fjárhagslegur bakhjarl tónleikahalds á vegum sveitarfélagsins í félagsheimilum Flóahrepps .

Menningarsjóður Þjórsárvers var stofnaður fyrir nokkrum árum síðan til að stuðla að tónleikahaldi og menningu í félagsheimilinu.

## **Heimasíða**

Nú er unnið að endurnýjun á útliti heimasíðu Flóahrepps. Hér með er kallað eftir hugmyndum íbúa að því sem þið viljið breyta í tengslum við heimasíðuna hvað varðar útlit og aðgengi.

## **Hestur í óskilum**

Ungur dökkrauður graðhestur er í óskilum í sveitarfélaginu. Ekkert örmerki fannst á honum. Nánari upplýsingar í síma 480-4370.

## **Hrútasýning Sauðfjarræktarfélags Villingaholtshrepps**

Hrútasýning og lambaskoðun fór fram mánudaginn 27. Sept 2010. Skoðað var á 5 bæjum. Og um kvöldið komu félagar saman í fjárhúsinu í Egilsstaðakoti og voru viðurkenningar veittar fyrir bestu veturgömlu hrútana og lömbin.

### **Efstu veturgömlu hrútar voru**

Skapti frá Bjarna Syðri-Gróf með 88,5 stig

Seifur frá Kolsholti eigandi Hallfríður Lyngholti með 86 stig

Naggur frá Kolbrúnu Kolsholti með 85 stig.

### **Efstu lambhrútar voru**

Lamb nr. 20 frá Bjarna Syðri-Gróf 88,5 stig

Lamb nr. 80 frá Sigurði Kolsholti 88 stig

Lamb nr. 65 frá Bjarna Syðri-Gróf 87 stig

**Efstu lambgimbrar** voru dæmdar eftir einkunn fyrir læri og þykkt og gerð bakvöðva eftir ómmælingu.

Lamb nr. 1 frá Sigurði Kolsholti 19 - 41 – 3,4 – 5

Lamb nr. 14 frá Kolbrúnu Kolsholti 18,5 - 34 - 4 - 4

Lamb nr 116 frá Þorsteini Loga Egilsstaðakoti 18 – 35 - 2,5 - 4,5

## *Frá Flóaskóla*

Það er varla að maður trúir því að strax sé liðinn riflega mánuður frá skólabyrjun! Tíminn þýtur áfram við mikla vinnu og skemmtileg verkefni. Skólastarfið er að detta í fastar skorður þó að hver dagur hafi alltaf sín sérkenni og skemmtilegar upptækur.

Um miðjan september var haldin skólakynning í skólanum. Kynningin var vel sótt en þar gafst foreldrum færi á að kynna sér skólastarfið nánar og spjalla við starfsfólkið og aðra foreldra. Undir lok mánaðarins þreyttu nemendur í 4. og 7. bekk samræmd könnunarpróf eins og jafnaldrar þeirra á landsvísi. Nemendur í 1. bekk heimsóttu vini sína í Krakkaborg og sögðu þeim frá ævintýrum sínum í Flóaskóla. Elstu nemendur Krakkaborgar ætla svo að heimsækja 1. bekinga í næsta mánuði og hefja þar með nokkurra mánaða aðlögunarferli að næsta skólastigi.

Fyrstu vikuna í október verða nemendur í 9. bekk í skólabúðum að Laugum í Sælingsdal ásamt 9. bekingum úr Grunnskólanum í Hveragerði. Skólabúðirnar bjóða upp á margvísleg verkefni og leggja áherslu á að nemendur vinni vel saman, nái að brjóta upp hversdaginn og skemmta sér saman.

Fyrstu námsmatsviðtöl skólaársins verða í lok október en þá koma nemendur í viðtöl til umsjónarkennara ásamt forsjáraðilum sínum. Áður en að viðtölunum kemur munum við halda þemadaga en þeir verða auglýstir fjótlega. Dansskóli Jóns Péturs og Köru kemur með dansnámskeið til okkar fyrri hluta nóvember mánaðar eins og mörg undanfarin ár. Dansinn er vinsæll meðal nemenda en á námskeiðinu er lögð áhersla á holla og góða hreyfingu í bland við æfingar í félagsfærni.

Vinna við frágang nýbyggingar skólans hefur haldið áfram og síðustu daga hefur staðið yfir vinna við að klæða húsið að utan. Guðmundur, umsjónarmaður fasteigna, hefur verið mikið með okkur og sett upp innréttingar og hillur og aðstoðað við alls kyns verkefni sem til falla þegar flutt er í nýtt hús. Á döfinni er að færa bókasafnið í nýja skólann og ljúka við að ganga frá kjallara gamla skóla þannig að við getum nýtt hann sem geymslu. Okkur langar mikið að halda áfram samstarfi við sjálfbodaðliða sem hafa áhuga á að eyða tíma með okkur í skólanum. Ef einhverjir geta hugsað sér að aðstoða okkur við ýmis verkefni, hvaða tíma vikunnar sem er, þá endilega hafið samband í síma 663-5720 eða netfang [kristin@floahreppur.is](mailto:kristin@floahreppur.is). Sjálfbodastarfið getur t.d. falist í að plasta og stimpla bækur, aðstoða við breytingar á bókasafninu, hlusta á nemendur lesa og margt fleira. Mig langar að hvetja (h)eldri borgara sérstaklega til að láta okkur vita ef þeir hafa áhuga á að heimsækja okkur en (h)eldra fólk býr yfir mikilli þekkingu og reynslu sem gaman væri að nýta í skólastarfinu.

Mig langar að nota tækifærið og þakka fyrir þær gjafir sem okkur hafa borist nýlega. Kvenfélögin í Flóahreppi hafa stutt myndarlega við skólastarfið með veglegum gjöfum, Búnaðarfélögin hafa gert það sama og svo höfum við átt mjög gott samstarf við ungmennafélögin. Að sama skapi hafa einstaklingar gauslega að okkur alls kyns efni sem er að nýtast okkur vel og það aðstoðar okkur við að spara í rekstri. Starfið í Flóaskóli ber þess merki að okkur er sýnd velvild og stuðningur í samfélaginu og fyrir það erum við, sem hér störfum, mjög þakklát.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

[kristin@floahreppur.is](mailto:kristin@floahreppur.is), gsm 663-5720.

## Fréttir frá Krakkaborg

Þann 8. september var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra um starf Krakkaborgar leikskólaárið 2010 - 2011. Hrafnhildur Karlsdóttir leikskólaráðgjafi frá Skólaskrifstofu Suðurlands hélt stutta kynningu á einingakubbunum í byrjun fundar en leikskólinn er nú að taka í notkun einingakubbana sem nýtt námsefni. Leikskólastjóri kynnti áherslur skólaársins og deildarstjórar kynntu síðan starf deilda fyrir foreldrum. Fundurinn var frekar fámennur og gaman hefði verið að sjá að fleiri hefðu séð sér fært um að mæta. Á kynningarfundinum var einnig kosið í foreldraráð Krakkaborgar. Helga Sigurðardóttir gaf kost á sér áfram og með henni í ráðinu sitja Ingunn Jónsdóttir og Guðrún Elísa Gunnarsdóttir og eru þær boðnar hjartanlega velkomnar til starfa. Úr ráðinu gengu þær Erna Jóhannesdóttir og Sigrún Helgadóttir og eru þeim þökkuð góð samvinna og óeigingjarnt starf í þágu leikskólans.

Haustþing starfsfólks leikskóla á Suðurlandi var haldið föstudaginn 24. september. Að venju sótti starfsfólk leikskólans fjölbreytt námskeið sem eiga án efa eftir að nýtast okkur til áframhaldandi góðra starfa í leikskólanum.

Þann 16. september tók Regnbogakór Krakkaborgar til starfa en í honum eru tveir elstu árgangar leikskólans. Þórdís Bjarnadóttir er kórstjóri og skipuleggur starf kórsins yfir skólaárið. Nú í byrjun mun kórinn einbeita sér að því að rifja upp og læra einföld, íslensk kvæði og þulur. Um miðjan nóvember eru það svo jólalögin sem taka við og eftir ármót æfir kórinn stærri og flóknari söngverk.

Mánudaginn 20. september, kom 1. bekkur Flóaskóla í heimsókn á Tígradeild ásamt Sigrúnu Helgadóttur, umsjónarkennara þeirra. Það var mjög gaman að fá að hitta aftur þessa góðu vini okkar sem nú eru hætt í leikskólanum. Þau sögðu okkur meðal annars hvað þau væru að læra í Flóaskóla, borðuðu með okkur ávexti og fóru svo með okkur í útivistina. Við þökkum krökkunum og Sigrúnu kærlega fyrir heimsóknina og hlökkum til að hitta þau aftur þegar skólaheimsóknirnar byrja í október. Þær Krístrún Jónsdóttir, Sigrún Jóna Sigurðardóttir og Kolbrún Birgisdóttir hafa bæst í starfsmannahóp Krakkaborgar. Við bjóðum þær hjartanlega velkomnar til starfa.

Leikskólanum barst á dögnum vegleg gjöf frá Foreldrafélagi Krakkaborgar. Það voru ýmis áhöld til hreyfipjálfunar sem munu svo sannarlega koma að góðum notum. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir þessa góðu og nytsamlegu gjöf.

Með bestu kveðju,  
F.h. Starfsfólks Krakkaborgar

Karen Viðarsdóttir  
Leikskólastjóri Krakkaborgar  
Sími 482-3085

## Syngjum á sumarkveldi!

Til söngs verður boðið sumarkvöldið síðasta, föstud. 22. okt. í Þjórsárverri, söngur hefst kl. 20.30 en húsið verður opnað hálf tíma fyrr. Söngbók verður hægt að fá lánaða eða keypta, en aðgangseyrir er 1000 krónur. Þeir sem eiga Söngbók 1 mega gjarnan taka hana með. Árleg söngkvöld í Flóanum eru meira en áratuga gömul, ýmist haldin í Þingborg, Þjórsárverri eða Gesthúsum og stundum brugðum við okkur yfir heiðina, í Golfskálann í Grafarholti eða Húnabúð.

Sögumaður kvöldsins verður Þröstur Sigtryggsson fv. skipherra, kvæðamaður Ingimar Halldórsson og systurnar Halla Ósk og Sigríður Embla taka fram gítara sína söngstjóranum til léttis.

Ingi Heiðmar Jónsson söngstjóri

### Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

#### **Haustfundur**

kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárverri, sunnudagskvöldið 10. október kl. 20.30.

Kynntar verða fyrirhugaðar breytingar/lagfæringar á lögum kvenfélagsins, sem síðan koma til afgreiðslu á næsta aðalfundi. Endilega komið með tillögur um starfið í vetur, þ.e. námskeið og fleira sem þið óskið eftir.

Nýir félagar velkomnir.

Kaffikonur: Erna Jóhannesd., Fanney Ólafsd., Halla Aðalsteinsd., Hulda Kristjánsd., Hólmfríður Tómasd.

f.h. stjórnar  
Sólveig Þórðardóttir, ritari

#### **Skil á ungbarnahúfum**

Kvenfélagskonur! Þær ykkar sem eruð með ungbarnahúfur fyrir KÍ vinsamlegast hafið þær með ykkur á haustfundinn svo hægt sé að koma þeim til skila. Ekki er þörf á að þrjóna fleiri húfur fyrir verkefnið.

K.St.

## **Frá Umf. Vöku:**

### **Aðalfundur Leikdeildar**

Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku verður haldinn þriðjudagskvöldið 12. október í Þjórsárverri. Fundurinn hefst kl. 20:30 og verða venjuleg aðalfundarstörf auk þess að starf vetrarins verður rætt og mótað.

### **ATH!**

Allir þeir sem eru fæddir 1996 eða fyrr og hafa áhuga á því að taka þátt í leiklistarstarfi í vetur verða að mæta á fundinn. Áhugasamt fólk er grundvöllur þess að hægt sé að aðhafast eitthvað í vetur. Allir eru hvattir til að mæta, óháð félagi!

Leikdeildin heldur úti skemmtilegu starfi og leikritin sem við höfum sett upp, með eða án hjálpar frá nágrannafélögum okkar hafa átt miklum vinsældum að fagna. Að taka þátt í leiklistarstarfi er bæði gefandi og stórskemmtilegt fyrir alla.

**Skúffukaka og mjólk verða framreidd í hléi og hljómsveitin Coldplay verður með léttu músík.**

Leikdeildin

### **Árgjald Umf. Vöku**

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2010. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra.

Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Ég minni á að nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti [lyngh@emax.is](mailto:lyngh@emax.is)

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

## **Ungmennafélagshreyfingin á Suðurlandi í 100 ár**

Fræðslunet Suðurlands í samvinnu við HSK mun halda námskeið um ungmennafélagshreyfinguna á Suðurlandi í 100 ár nú í haust. Námskeiðið fer fram á mánudagskvöldum frá 19:30-21:40 og hefst um miðjan október. Á námskeiðinu er farið yfir sögu sunnlenskra ungmennafélaga, störf þeirra og þýðingu fyrir sunnlenskt mannlíf í hundrað ár. Raktir eru þættir eins og íþróttir, leiklist, skógrækt, fundir og þing. Þá er sjónum beint að héraðshátíðunum á Þjórsártúni, átaki ungmennafélaganna í byggingu félagsheimila og reynt að kortleggja þróun þeirra og stöðu á nútímanum. Kennt verður í lðu á Selfossi.

Aðalkennari á námskeiðinu er Jón M. Ívarsson, sagnfræðingur. Skráning fer fram hjá Fræðsluneti Suðurlands í síma 480 8155 og á netfangið

[fraedslnet@fraedslnet.is](mailto:fraedslnet@fraedslnet.is)

## Frá UMF Baldri

Hið sívinsæla þorrablot UMF Baldurs og Sandvíkinga verður haldið laugardaginn 29. janúar 2010. Takið daginn frá fyrir hina miklu skemmtun. Nánar auglýst síðar.

Umf Baldur er með heimasíðu á netinu á slóðinni <http://umfbaldurhraung.weebly.com/>

Einnig er Facebooksíða undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp, leitið að því á FB, einnig er tengill á áður nefndri heimasíðu á facebook síðuna. Þarna verða auglýstir allir viðburðir og settar inn helstu fréttir af starfinu.

Þá hefur Umf Baldur einnig orðið sérstakt netfang þar sem hægt er að senda félaginu fyrirspurnir. Netfangið er [umfbaldurhraung@gmail.com](mailto:umfbaldurhraung@gmail.com)

## Messa í Gaulverjabæjarkirkju og tónleikar

Sunnudaginn 10. okt. kl. 14:00 verður messa í Gaulverjabæjarkirkju. Árnesingakórinn í Reykjavík syngur við messuna, ásamt kirkjukórnum. Stjórnandi Árnesingakórsins er Gunnar Ben og undirleikari Bjarni Þ. Jónatansson. Eftir messu býður Árnesingakórinn til tónleika í Félagslundi. Flutt verða lög eftir Sigfús Halldórsson. Kirkjukór Gaulverjabæjarkirkju býður upp á kaffi. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

## Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

### Hautfundur!

Hautfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn á loftinu í Félagslundi, **fimmtudaginn 14. október kl. 20.30**. Farið verður yfir starf vetrarins, m.a. menningarferð og fleira. Nýir félagar velkomnir. Fjölmönnum.

Stjórnin.



## ***Glímuæfingar***

Glímuæfingar í Félagslundu hefjast aftur mánudagskvöldið 11. október og verða vikulega í vetur. Æfingarnar standa frá 20:00 til 21:00 og sér Stefán Geirsson um þjálfun. Æfingarnar eru opnar öllum áhugasömum krökkum í Flóahreppi frá 3. bekk og upp úr. Fyrsta mót vetrarins verður síðan á Selfossi 23. október.

Vonast til að sjá sem flesta.

Þjálfari

## **Fjör á Samhygðarballi**

Haustball Samhygðar var haldið laugardaginn 25 september og tókst að öllu leyti vel. Jón Bjarnason Skeiðungur hélt þar uppi fjöri með dúndrandi diskóteki og mikið var dansað. Löngum stundum var meirihluti ballgesta á gólfinu og dansaði polka og ræla og valsa. Rétt um 100 manns litu inn fyrir dyrastafinn í Félagslundu. Gamlir sveitungar, sprækir Selfyssingar, gestir Gaulverjaskóla og aðrir ágætir aðkomumenn. Fámennasti hópurinn voru núverandi íbúar af svæði Gaulverjabæjarhrepps hins forna og ekki laust við að maður saknaði þar vana í stað.

Laufey Gunnarsdóttir frá Seljatungu var skipuð formaður næstu nefndar og mun ef að líkum lætur hefja merkið hátt á loft að ári. Við, sem óforvarendis var sett það til höfuðs í fyrra að sitja í ballnefndinni, vorum einróma um valið á Laufeyju. Í nefndinni störfuðu, auk mín, Anný í Vorsabæjarhjáleigu og Bogga frá Hamri og stóðu sig með afbrigðum vel, ekki síst Bogga sem auglýsti ballið grimmt á Fésbók. Hugrún í Gerðum sá um sölu gosdrykkja til gestanna og Stefán sá um dyravörslu og þurfti hvergi að gripa til glímubragða því gestir voru ljúfir sem lömb.

Haustballið er að sumu leyti eins og bekkjarmót. Þar mæta sumir eftir áralöng hlé á hittingi og rifja upp gamla daga. Aðrir kasta ellibelg og dansa frá sér allt vit. Eyvi á Hellum og Jónína Sighvats komu beint á ballið af bekkjarmóti '60 árgangsins á Selfossi og gerðu hvort tveggja. En bæði þeir sem komu og hinir sem sátu heima geta glaðst yfir einu: Það á að fara að sýna nýja seríu af Himinbláma. Góðar stundir.

**Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli**

## **Hvolpar fást gefins**

Er með 5 hvolpa sem vantar gott heimili. Þetta eru blendingshvolpar, undan Border Collie og Fox Terrier. Tilbúnir að fara að heiman í kringum 10. okt. Upplýsingar í síma 8459719 og 4863319 (Hallfríður)

## Pistillinn

Ég ætla að byrja á að þakka Ágústu fyrir áskorunina og jafnframt fyrir að vera góður æfingafélagi síðasta vetur. Það skiptir miklu máli að hafa þrjóskan lyftingafélaga sem maður getur látið draga sig áfram því maður vill ekki vera aumari manneskja ;)

Ég hef ákveðið að segja ykkur frá því þegar ég ákvað að fara til Reykjavíkur í Hússtjórnarskóla vorið 2009. Ég var gífurlega spennt þegar ég ók í bæinn með fulla ferðatösku til þess að setjast að í Reykjavík þetta vorið. Ég hef nú aldrei verið hrifin af Reykjavík en það yrði bara að hafa það, allt til að geta stúderað húsmæðrafræðin. Ég ætlaði að vera á heimavistinni við skólann og hlakkaði til að upplifa í fyrsta sinn þessa heimavistarstemmingu sem allir tala svo mikið um. En það fór nú lítið fyrir þessari miklu stemmingu. Þegar ég kom í skólann og Margrét skólastýra leiddi mig upp á heimavistina þá upplýsti hún mig um að við yrðum bara 3 á heimavistinni þessa önnina. Hún sagði mér líka að við værum bara tvær utan af landi, ein stúlka frá Tálknafirði auk mín. Þar fór einnig sá draumur um að ég myndi eftir þessa dvöl eiga fjöldan allan af vinkonum um allt land sem ég gæti stoppað hjá í kaffi þegar ég væri á hringferð um landið.

Fyrsti dagurinn var þrunginn þögn en strax næsta dag kjaftaði á okkur hver tuskan. Það tekur víst ekki meira en einn dag fyrir 24 stelpur að verða bestu vinkonur. Ég hélt fyrst að það yrði erfitt fyrir mig að umgangast einungis stelpur frá Reykjavík en það kom í ljós að þær eru ekkert verri en við af landsbyggðinni, þó svo að ég hafi náð best saman við stelpuna frá Tálknafirði. Það sem einkenndi helst stelpurnar frá Reykjavík var að þær voru alltaf jafn hissa á því að ég þyrði að aka ein yfir Hellisheiðina um miðjan vetur, það væri eitthvað sem þær myndu aldrei þora.

Mér varð strax ljóst að allt það sem ég taldi mig kunna í eldhúsinu var vitleysa. Frú Benedikta matreiðslukennari vildi hafa allt eftir sínu höfði og það var ekki sama í hvaða glas maður braut eggin, hvað þá hvernig maður skar paprikuna. Núna flissa ég oft við matargerðina og hugsa „Hvað ætli Benedikta myndi segja ef hún sæi til mín núna?“

Þegar upp var staðið var ég eiginlega orðin ein á vistinni. Önnur stelpa hætta í skólanum eftir mánuð af heilsufarsástæðum og hin var alltaf niðri í bæ að vesenast eitthvað og kom aldrei heim fyrr en eftir miðnætti.

Ég var þar af leiðandi drottning Sólvallagötunnar og gat valsað þar um 801 m<sup>2</sup> bygginguna óáreitt. Kom þar af leiðandi ýmsu í verk þar sem enginn var til að trufla mig frá saumaskapnum og uppskar ég að hafa unnið 44 handavinnustykki á önninni, stór og smá.

Þessi önn er enn sem komið er besta námstímabil ævi minnar og ég hugsa alltaf til hennar með söknuði. Að fara í hússtjórnarskóla er það gáfulegasta sem stelpur (og strákar) geta tekið sér fyrir hendur. Þar læra þær allt sem þarf að kunna svo sem elda, þrjóna, sauma, vefa, þrifa og vera betri manneskjur. Það sem ég lærði í þessu námi notfæri ég mér á hverjum einasta degi ólíkt því sem ég lærði í framhaldsskóla til dæmis. Ég hvet hér með allar stelpur til að fara í hússtjórnarskóla og verða betri kvenkostir fyrir vikið! Ég held að það sé tímabært að leyfa einhverjum meistara að fá að spreyta sig á pistlinum og skora þess vegna á Einar Magnússon, Oddgeirshólum að skrifa næsta pistil.

Guðmunda á Hurðarbaki

### *Flóðgáttin*

Blíðviðrissumri hallar óðum og dagarnir styttest þó ennþá sé veturinn aðeins langsótt tilhugsun. Vætudögum fjölgar, það vex lítið eitt í áveituskurðum og flóðgáttir standa hálfopnar eða hálflokaðar eftir því hverig er á það lítið.

En nú virðist sem skáldfákar sveitunga séu óðum að hressast eftir pestarmisseri og Gisli bóndi í Króki sem hefur jafnan til reiðar stálhraustan hjólhest gerir nágrenni sitt nú sem áður að yrkisefni.

### *Í hundana*

*Hólmasel í hunda fór,  
hér við kennum skaðann.  
Líkt sem falskur kvennkór  
kemur galtið þaðan.*

*Þegar berast þessi gól  
þykir mér og fleirum  
hinna vörnin heyrnarskjól  
að hafa fyrir eyrum.*

Flóðgáttin stendur opin fyrir kveðskap lesenda. Umsjónarmaður er Stefán Geirsson, efni sendist á [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com) eða berist honum með öðrum leiðum.

## Munið Tónahátíðina í félagsheimilunum í Flóahreppi!

### **Þjórsárver föstudagskvöldið 15. október kl. 20:30:**

Hjaltested/Íslandi dúettinn, Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, sópran og Stefán Helgi Stefánsson tenór. Ólafur B. Ólafsson leikur undir á píanó og harmonikku. Söngstund eftir tónleikana

### **Félagslundur föstudagskvöldið 29. október kl. 20:30:**

Benni Crespo's Gang með tónleika. Söngkona hljómsveitarinnar er Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt undir nafninu Lay Low. Helgi Valur trúbrador hitar upp.

Miðapantanir: Ingibjörg 691-7082, Erling 898-8779, Kristín 692-8565. Miðverð á hvora tónleika er kr. 2000.

### **Dagskrá mánaðarins**

Æfing eldri í Þingborg	5. október
Æfing yngri	6. október
Hautfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	10. október
Messa í Gaulverjabæjarkirkju og tónleikar	10. október
Glímuæfing Félagslundi	11. október
Æfing eldri í Þingborg	12. október
Aðalfundur Leikdeildar Umf .Vöku	12. október
Æfing yngri	13. október
Hautfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps	14. október
Tónleikar í Þjórsárveri	15. október
Glímuæfing Félagslundi	18. október
Æfing eldri í Þingborg	19. október
Æfing yngri	20. október
Syngjum saman á sumarkveldi!	22. október
Glímuæfing Félagslundi	25. október
Æfing eldri í Þingborg	26. október
Æfing yngri	27. október
Tónleikar í Félagslundi	29. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160